Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1891
komudagur 13.7.2005

**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Alþingi Íslendinga
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. júlí 2005
Tilvísun: FEL05050025/0004/HSG/--

Félagsmálaráðuneytið vísar til erindis yðar, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir áliti ráðuneytisins á efni tillögu til þingsályktunar um stjórnmálaþátttöku, áhrif og völd kvenna, 244. mál. Ráðuneytið gerir ekki efnislegar athugasemdir við efni tillögunnar enda mikilvægt að komið sé á jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins og því viðhaldið, sbr. 1. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Engu síður þykir ástæða til að benda á að vart verður talið raunhæft að gera rannsókn innan þeirra tímamarka sem fram koma í tillögunni. Þá er mikilvægt að áætlaður kostnaður vegna tillögunnar verði tryggður í fjárlögum eða fjáraukalögum eftir atvikum.

Beðist er velvirðingar á hversu dregist hefur að svara erindi yðar.

F. h. r.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir / María Sæmundsdóttir